

Kærunefnd umhverfis- og auðlindamála.  
Borgartúni 21 – Höfðaborg  
105 Reykjavík.

## STJÓRNSÝSLUKÆRA

Kærandi:

Hlöðuteigur sf, kt. 490512-0390

Gröf, 500, Staður.

Kærði:

Strandabyggð, kt. 570806-0410

Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík.

Forsenda kæru:

Kærð er álagning Strandabyggðar á gjaldi vegna grenndarkynningar, sem á að hafa farið fram á árinu 2021. Um heimild til gjaldtökkunar vísar stjórnvaldið (Strandabyggð), er stofnað hefur til málsins í efni töluliðar 4.8, 4. gr. gjaldskrá nr. 217/2021, fyrir byggingarleyfis- framkvæmda- skipulags- og þjónustugjöld í Strandabyggð. Samkvæmt reikningi stjórnvaldsins nr. 9149, dags. 31.12. 2022, er félaginu Hlöðuteigi sf. gert að greiða krónur 22.214 - vegna „grenndarkynningar, minniháttar“.

Kærandi, Hlöðuteigur sf. hafnar framan nefndri innheimtukröfu og fer fram á að ákvörðun stjórnvaldsins Strandabyggðar, að leggja 22. 214 króna gjald á félagið vegna grenndarkynningar verði felld úr gildi af úrskurðaraðila, og að sveitarfélaginu verði gert að endurgreiða Hlöðuteigi sf. þær 22.214 – krónur sem greiddar verða með fyrirvara þangað til úrskurður liggur fyrir í málinu. Falli niðurstaða kæranda í vil, er krafist hæstu lögleyfðu dráttarvaxta, frá greiðslu degi reikningsins til endurgreiðsludags.

Málsrök kæranda.

Skipulagslög nr. 123/2010 gera ekki ráð fyrir að grenndarkynning fari fram nema, fyrir liggja ákvörðun um að gefið verði út framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdar. Þegar fyrir liggur ákvörðun stjórnvalds um að ekki verði gefið út framkvæmdaleyfi vegna

framkvæmdar sem til stendur að ráðast í, eru ekki lagaleg skilyrði til að ráðast í grenndarkynningu.

Ekkert kemur fram í fundargerðum Umhverfis- og skipulagsnefndar Strandabyggðar né sveitarstjórnar frá þeim tíma er málið sem deilt er um var til meðferðar, að stjórnvaldið hafi tekið ákvörðun um eða rætt hafi verið á þeim vettvangi að, fram skyldi fara grenndarkynning vegna áformaðrar skógræktar í landi Grafar í Krossárdal. – Aldrei var því tekin ákvörðun af þar til bærum aðilum að ráðast í grenndarkynningu, enda engar lagalegar forsendur til þess að leggja gjald á Hlöðuteig sf. vegna þess.

Fram kemur í 7. gr. gjaldskrár Strandabyggðar nr. 217 frá árinu 2021 að hún sækji lögmati sitt annars vegar til 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og hins vegar til 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en aðeins ákvæði skipulagslaga geta komið til álita varðandi mál þetta. Í 1. mgr. 20. gr. segir:

*Sveitarstjórn er heimilt að innheimta framkvæmdaleyfisgjald fyrir framkvæmdir sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir, svo og fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Og í 2. mgr. segir síðan: Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda getur sveitarstjórn innheimt gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar.*

Með vísan til þess sem segir í 20. gr. skipulagslaga, getur Strandabyggð ekki lagt gjald á vegna grenndarkynningar áformaðrar skógræktar í landi Grafar í Krossárdal, þar sem ekki var sótt um framkvæmdarleyfi eða tekin ákvörðun af stjórnvaldinu að fara þá leið, og þá er ekki heimild í lögum né gjaldskrá nr. 217/ 2021 til að innheimta gjald vegna framkvæmda nema hún falli undir skilgreiningu 20. gr. laga 123/2010. – Gjald það er Strandabyggð hefur lagt á Hlöðuteig sf. vegna grenndarkynningar á sér ekki stoð í lögum og því ekki gjaldskrá sem á þeim byggja.

Krafa.

Hlöðuteigur sf. fer fram á að úrskurðað, verði að ákvörðun Strandabyggðar um að leggja 22. 214 – króna gjald vegna grenndarkynningar, minniháttar, samkvæmt því sem fram kemur í reikningi nr. 9149, verði felld úr gildi.

Forsaga máls: Hlöðuteigur sf. kt. 490512-0390 sendi Strandabyggð erindi/fyrirspurn 18. október 2020. Um var að ræða tölvupóst með þrem fylgiskjölum, sjá í viðhengi fylgiskjöl 1A, 1B og 1C. Erindið/fyrirspurnin og gögnin vörðuðu fyrirhugaða skógrækt er félagið áformaði að koma af stað á 108 hektara svæði úr landi Grafar í Krossárdal, Strandabyggð samkvæmt samningi við landeiganda þar um og síðan Skógræktina.

Á þeim tíma var í gildi stefnumarkandi ákvörðun sveitarstjórnar Strandabyggðar samkvæmt í gildandi aðalskipulagi, að framkvæmdaleyfi vegna skógræktar væri ekki gefið út af sveitarstjórn fyrr en svæði undir skógrækt væri yfir 200 hektarar að stærð. Af þeirri ástæðu sótti félagið ekki um framkvæmdarleyfi, heldur var sveitarfélaginu send fyrirspurn, uppdráttur og greinargerð Skógræktarinnar vegna fyrirhugaðrar skógræktar.

Strandabyggð ákvað í kjölfarið að innheimta afgreiðslugjald samkvæmt gildandi gjaldskrá, sjá reikning dags. 31.12.2020, skjal 2. Var umrædd afgreiðslugjald greitt án athugasemda og í góðri trú um að um endanlegt uppgjör vegna erindisins væri að ræða.

Samkvæmt fundargerð Umhverfis- og skipulagsnefndar Strandabyggðar (USS) frá fundi 7. desember 2020 var erindi Hlöðuteigs sf. tekið fyrir, en því frestað og skipulagsfulltrúa falið að afla frekari gagna. USS tók mál Hlöðuteigs sf. næst fyrir á fundi sínum 6. maí 2021, um að afla skyldi umsagna og frekari gagna og máli síðan frestað. Tekið skal fram að stjórnarsýsla sveitarfélagsins óskaði aldrei frekari gagna frá Hlöðuteig sf. þann tíma er nefndin hafði málið til meðferðar. Sjá fundargerðir 3A og 3B.

USS tók erindi Hlöðuteigs sf. síðan til afgreiðslu á fundi 6. október 2021, og áréttar þar meðal annars að skógræktaráform Hlöðuteigs sf. í landi Grafar væru ekki framkvæmdaleyfisskyld samkvæmt aðalskipulagi. Sjá skjal 3C. Sveitarstjórn Strandabyggðar staðfesti síðan niðurstöðu USS á fundi 12. október 2021.

Vakin er athygli á, að fundargerðir USS frá þeim fundum er fjölluðu um umrætt erindi Hlöðuteigs sf. staðfesta að ekki kom til álita samkvæmt bókunum, að grenndarkynna bæri umsótt skógræktarsvæði í landi Grafar, enda engar lagalegar forsendur fyrir slíkri málsmeðferð og þar sem fyrir lá að ekki yrði gefið út framkvæmdarleyfi vegna áformaðrar skógræktar.

Að lokinni staðfestingu sveitarstjórnar var litið svo á að afgreiðslu málsins væri lokið og það upp gert, en það reyndist ekki vera því meira en ári eftir loka afgreiðslu þess

sendi stjórnvaldið reikning á forráðamann Hlöðuteigs sf, reyndi þar að innheimta öðru sinni þegar greitt afgreiðslugjald, en samhliða var lögð fram innheimtukrafa vegna minniháttar grenndarkynningar.

Vegna þessa var sveitarfélaginu bent á að afgreiðslugjaldið væri þegar greitt og ekki forsendur fyrir álagningu gjalds vegna grenndarkynningar. Sveitarfélagið viðurkenndi mistök sín varðandi álagningu afgreiðslugjaldsins og dró þann hluta til baka en ákvað að halda til streitu innheimtu gjalds vegna grenndarkynningar. Samkvæmt ábendingu þar um, hefur stjórnvaldið nú leiðrétt og beint hinni umdeildu innheimtukröfu vegna meintrar grenndarkynningar að Hlöðuteigi sf. Samskipti við stjórnarsýslu Strandabyggðar frá 1. nóv. '22. – 19. jan. 23. Sjá fylgiskjöl 4, 5, 6 og 7.

Þar sem stjórnvaldið ætlar að halda til streitu gagnvart Hlöðuteigi sf. þeim hluta innheimtukröfu er lýtur að grenndarkynningu án þess að geta sýnt fram á lagalegar forsendur fyrir þeirri ákvörðun sinni, telur undirritaður sig því ekki eiga annan kost en að leita úrskurðar æðra stjórnvalds í máli sínu, vilji hann verja rétt sinn og tryggja réttláta og faglega stjórnarsýslu. Sjá fylgiskjal 8, reikning dags. 31. des. 2022 og fylgiskjal 9 gjaldskrá nr. 217/2021.

Virðingarfyllst,  
F.h Hlöðuteigs sf.

Ingimundur Einar Grétarsson

Fylgiskjöl, sjá viðhengi

Skjöl merkt 1A, 1B og 1C - umsókn með fylgigögnum - 4 síður

Skjal merkt 2 – reikningur - 1 síða

Skjöl merkt 3A, 3B og 3C – fundargerðir – 7 síður

Skjal merkt 4 – reikningur – 1 síða

Skjöl merkt 5 A-D – bréfaskipti við Strandabyggð – 5 síður

Skjöl merkt 6 A og B tölvupóstsamskipti við Strandabyggð – 2 síður

Skjöl merkt 7 A og B tölvupóstsamskipti við Strandabyggð – 2 síður

Skjal merkt 8 – reikningur – 1 síða

Skjöl merkt 9 Gjaldskrá nr. 217 – 4 síður